

## Viðauki III

### Viðbragðsáætlun vegna drefingar erfðabreyttra plantna/fræja í umhverfið

#### Fylgiskjal með umsókn ORF Líftækni hf um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi á landi Landgræðslunnar í Gunnarsholti (2021)

**Tilgangur:** Fræða starfsmenn hvernig eigi að bregðast við slysi þar sem hættu er á að erfðabreytt fræ geti borist út í umhverfið.

**Áhætta:** Að erfðabreytt fræ berist í umhverfið (slys). Aðstæður á vinnusvæði og vegum, skemmdarverk

**Varúðarráðstafanir:** Vel útbúið lokað flutningsílát, hentugt ökutæki, vandvirkni, nákvæmni, gengið vel frá sekkjuðu/plöstuðu korni í þar til gerð hólf/kassa/box/gám.

#### 1. Lýsing á vöktunaráætlunum og -aðferðum:

Samið verður við verkstjóra Landgræðslunnar í Gunnarsholti um að fylgjast með ræktunarreitnum á meðan á ræktun stendur (sjá nánar í Viðauka II; Vöktunaráætlun). Fylgst er með vexti plantanna og hvort ræktunarreitir eru lausir við ágang dýra og hvort merkingar eru í lagi. Vakt-aðilar munu gera reglulega grein fyrir ástandi reitsins til ábyrgðaraðila hjá ORF Líftækni.

#### 2. Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið

Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið, t.d. vegna óhapps í flutningi, skal tilkynna það ORF Líftækni (Jón Már Björnsson, 8211588) ásamt því að tilkynna það til Umhverfisstofnunnar á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) og/eða í síma 5912000 tafarlaust. Tilkynning til Umhverfisstofnunnar skal innihalda upplýsingar um:

- (a) tildrög slyssins;
- (b) tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem kunna að hafa dreifst í umhverfið;
- (c) allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- (d) neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

#### Viðbrögð við slysi sem felur í sér hættu á dreifingu erfðabreyttra planta í umhverfið:

- a) starfsmaður skal afmarka svæðið sem lífverurnar (fræin) hafa borist á með sýnilegum hætti.
- b) starfsmaður skal undir eins byrja að tína saman öll fræ af svæðinu í ílát.
- c) halda skal merkingum á svæðinu til að hægt sé að fylgjast með því áfram.
- d) fylgst verður með svæðinu í 2 ár eftir þrif til að kanna hvort vart verði við erfðabreyttar plöntur
- e) verði vart við vöxt erfðabreyttra planta á svæðinu á svæðinu verða þær rifnar upp og fargað eins og ræktunarleyfi gerir ráð fyrir. Einnig má úða svæðið með viðeigandi illgresiseyði ef talin er þörf á því að höfðu samráði við sérfræðinga LbHÍ og yrði það tilkynnt sérstaklega til UST.

Samskonar tilkynningarskylda er ef vart verður við skemmdarverk eða tilraun til skemmdarverka.  
Kópavogur, 20.4.2021

/Jón Már Björnsson – ORF Líftækni hf